

# Norðurorka hf.

Kynning fyrir bæjarstjórn Akureyrar



október 2012

## Inngangur

Norðurorka var stofnsett árið 2000 með sameiningu Rafveitu Akureyrar og Hita- og vatnsveitu Akureyrar. Með nokkrum sanni má segja að forsagan að þessari endanlegu sameiningu veitna Akureyrarbæjar hafi verið nokkuð löng. Árið 1986 var ákveðið að sameina undir eina stjórn Vatnsveitu Akureyrar, Rafveitu Akureyrar og Hitaveitu Akureyrar og var hún þaðan í frá nefnd stjórn veitustofnana. Sex árum síðar voru síðan Vatnsveitan og Hitaveitan sameinuð í eitt fyrirtæki Hita- og vatnsveitu Akureyrar.

Saga veitna er eðli málsins samkvæmt samofin sögu bæjarins og baráttu bæjarbúa fyrir bættum lífskjörum og nútímaþægindum. Fyrstu vatnsveiturnar voru stofnaðar í upphafi tuttugustu aldarinnar af einstaklingum í bænum sem jafnframt voru eigendur þeirra, þetta voru Vatnsveita Innbæinga og Vatnsveita Oddeyringa. Akureyrarkaupstaður yfirtók á endanum þessar vatnsveitur og runnu þær inn í Vatnsveitu Akureyrar en stofnár hennar er talið 1914 og styttest því í að 100 ár séu liðin frá stofnun hennar.



Rafveita Akureyrar átti sér nokkuð langa forsögu því umræðan um nauðsyn raforkuframleiðslu og rafveitu hófst þegar fyrir aldamótin 1900. Ýmislegt varð hins vegar til þess að stofnun hennar dróst á langinn og það var ekki fyrr en árið 1922 að Rafveita Akureyrar tók til starfa. Þessara tímamóta 90 ára afmælis Glerárvirkjunar og stofnsárs Rafveitu Akureyrar var minnst með opnu húsi hjá Norðurorku 29. september s.l.

Segja má að aðdragandinn að stofnun Hitaveitu Akureyrar sé enn lengri en Rafveitunnar því umræða um mögulega stofnun hitaveitu hófst þegar á þriðja áratug síðustu aldar, samhliða því að hitaveitur tóku til starfa á nokkrum stöðum á landinu og má þar helsta nefna Hitaveitu Reykjavíkur. Málið var mikið rætt og nokkrar atlögur gerðar að rannsóknum og borunum á þekktum jarðhitasvæðum í nágrenni bæjarins. Mikinn kipp tók málið síðan í svonefndri olúkreppu á áttunda áratugnum og þar kom að ákvörðun var tekin um stofnun Hitaveitunnar eftir að nægilegt vatn var talið mega fá úr jarðhitasvæðum í Öngulstaðahreppi og Hrafnagilshreppi, þar sem nú er Eyjafjarðarsveit. Stofn ár Hitaveitunnar er talið 1977 en það ár var vatni hleypt á fyrsta húsið í bænum, Dvalarheimilið Hlíð.



## Norðurorka – þróun og staða

### Stækkun og viðbætur við þjónustusvæði félagsins

Á þeim árum sem liðin eru síðan endanlegri sameiningu lauk og Norðurorka tók til starfa árið 2000 hafa orðið miklar breytingar á fyrirtækinu. Fyrst er að telja að árið 2003 var ákveðið að breyta félaginu í hlutafélag en það tengdist breytingum á raforkulögum sem og áformum um mögulega sameiningu veitna á Eyjafjarðarsvæðinu. Breytingar á raforkulögum sem tóku gildi árið 2003 kváðu á um aðskilnað á milli framleiðslu og sölu rafmagns annars vegar en dreifingu hins vegar. Í framhaldi af þessu var tekin ákvörðun um að Norðurorka hf. keypti hlut í fyrirtækinu Fallorku hf. sem vann að uppbyggingu virkjana í Djúpadal í Eyjafjarðarsveit, en áður hafði verið gengið frá samningi um kaup á allri framleiðslu Djúpadalsvirkjunar I. Var þar með lagður grunnur að því að Fallorka hf. yrði jafnt framleiðslu og sölufyrirtæki og þar með að raforkusöluhluti Norðurorku yrði lagður inn í félagið. Síðar eða árið 2005 keypti Norðurorka hf. öll hlutabréfin í Fallorku hf. og er í dag eini hluthafi þess félags og félagið þar með dótturfélag Norðurorku hf. Nánar er vikið að félögum sem Norðurorka hf. á hlut í eða hefur átt hlut í síðar í yfirliti þessu.

Árið 2003 sameinaðist Hitaveita Svalbarðsstrandarhrepps, sem stofnuð var árið 1980, Norðurorku hf. og hreppurinn varð þar með hluthafi í félaginu. Hitaveita Svalbarðsstrandar var komin að þölmörkum með mögulegt vatn og var það því eitt af fyrstu verkefnum Norðurorku hf. að leggja stofnlögn frá Akureyri út á Svalbarðsströnd og tryggja nægjanlegt vatn. Við þetta fjölgaði viðskiptavinum nokkuð því inn á dreifikerfið komu nýir notendur í syðsta hluta hreppsins sem og á lagnaleiðinni inn á Svalbarðsströnd. Íbúar í Svalbarðsstrandarhreppi árið 2003 voru 366. Nokkru síðar eða árið 2005 rann vatnsveita Svalbarðsstrandarhrepps inn í Norðurorku hf. og tók félagið við rekstrinum 1. janúar árið 2006. Bæði veitukerfi Hitaveitu og Vatnsveitu Svalbarðsstrandar þörfuðust mikils viðhalds og endurnýjunar og hefur markvisst verið unnið að þeim frá kaupum á veitunum.

Auk áðurnefndrar tengingar veitusvæðis hitaveitunnar í Svalbarðsstrandarhreppi við dreifikerfið á Akureyri varð mikil breyting á stöðu vatnsveitunnar í sveitarfélaginu þegar tvö aðskilin veitusvæði hennar voru samtengd árið 2011. Það verkefni tengdist áhyggjum Norðurorku hf. af mögulegri vatnsþurrð af völdum gangagerðar um Vaðlaheiði í svonefndum Halllandsbólum sem eru vatnstökusvæði í landi Halllands og þjóna suðurhluta Svalbarðsstrandarhrepps. Af þessum ástæðum var ákveðið að leita samninga við Vegagerð ríkisins um mögulegar lausnir vegna þessarar hættu. Niðurstaða þeirra varð sú að Vegagerðin og Svalbarðsstrandarhreppur samþykktu að taka þátt í kostnaði við tengingu veitusvæðisins sem þjónar norðurhluta hreppsins við syðra veitusvæðið. Fyrir liggur að þessi samtenging kom sér vel á liðnu sumri þegar gæta fór skertrar afkastagetu í Halllandslindum í kjölfar langvarandi þurrka. Nyrðra svæðið fær vatn úr svonefndum Garðsvíkurlindum sem eru skammt norðan og ofan við bæinn Garðsvík en þau ból eru talin gefa það vel af vatni að þau geta í hefðbundnu árferði þjónað báðum veitusvæðunum. Farið var í endurbætur á þessum lindum í sumar til þess bæði að auka afkastagetu og öryggi þeirra. Í dag eru íbúar í Svalbarðsstrandarhreppi 380 að



tölu, en auk þess eru fjölmörg frístundahús í sveitarfélaginu sem Norðurorka þjónustar. Samtals eru það 193 húsveitur sem njóta hitaveitu í sveitarfélaginu og húsveitur sem njóta vatnsveitu eru nokkuð fleiri.

Við sameiningu Akureyrar og Hríseyjar árið 2004 var tekin ákvörðun um að Norðurorka hf. keypti Hita- og vatnsveitu Hríseyjar af Akureyrarbæ og veitan yrði hluti félagsins, en íbúar í sveitarfélaginu voru þá 180 talsins. Frá kaupum á veitunni hefur verið lagt í verulegar endurbætur á hitaveitunni í Hrísey bæði í dreifikerfi hennar en ekki síður í dælubúnaði og stýringum við vinnslusvæði hennar. Í dag eru það samtals 137 húsveitur sem njóta hita- og vatnsveitu í Hrísey.

Árið 2005 keypti Norðurorka hf. Hitaveitu Ólafsfjarðar af Ólafsfjarðarkaupstað og var kaupverðið greitt í peningum (sveitarfélagið varð ekki hluthafi) og tók Norðurorka við rekstrinum 1. janúar 2006. Árið 2005 voru íbúar 960 í Ólafsfirði sem í dag er hluti af Fjallabyggð sem varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2009. Íbúar í dag eru 799 talsins og samtals 470 húsveitur sem njóta þjónustu hitaveitunar. Unnið hefur verið að ýmsum endurbótum á kerfinu á Ólafsfirði meðal annars stýribúnaði og einnig unnið að undirbúningi þess að borholur verði endurnýjaðar.

Með kaupum Hita- og vatnsveitu Akureyrar og Akureyrarbæjar á Reykjum I árið 1983 og Reykjum II árið 1995 voru tryggð umráð yfir jarðhitaréttindum jarðanna. Þrátt fyrir nokkra umræðu um mögulega nýtingu vatnsins með veitu í Fnjóskadal og þar með mögulega niður á Grenivík varð það ekki fyrr en árið 2005 sem dró til tíðinda og ákveðið var að fara í fyrsta áfanga Reykjaveitu, sem dregur nafn sitt af umræddum bæjum. Verkið hófst sama ár með lagningu dreifikerfis á Illugastöðum og árið eftir með lagningu aðveituæðar frá Reykjum niður að orlofshúsabyggðinni og var þessi fyrsti hluti veitunnar tekin í notkun í júní það ár. Sama ár var síðan gengið frá samningi milli Norðurorku annars vegar og Þingeyjarsveitar og Grýtubakkahrepps hins vegar um lagningu veitunnar áfram niður Fnjóskadal og þaðan niður á Grenivík. Var undirritað sérstakt samkomulag þar að lútandi sem fól í sér að sveitarfélögin gerðust hluthafar í Norðurorku hf. auk þess að veita víkjandi lán til framkvæmdarinnar (árið 2011 eftir yfirferð á arðsemisútreikningum samkvæmt samkomulaginu var tekin ákvörðun um að lánin kæmu ekki til endurgreiðslu). Árið 2006 voru íbúar í Grýtubakkahreppi 362 og en auk þess tengdust veitunni fjöldi sveitabæja og frístundahúsa í Fnjóskadal. Í dag eru 252 húsveitur tengdar Reykjaveitu, íbúar í Grýtubakkahreppi eru nú 350 og íbúar í Fnjóskadal 124 að tölu. Gaman að geta þess að Reykjaveita er fyrsta og eina veita Norðurorku þar sem beitt er svo nefndri orkumælingu í stað rúmmetramælingu við sölu heita vatnsins.



Við stofnun Hitaveitu Akureyrar árið 1977 voru meginvinnslusvæði félagsins í Hrafnagilshreppi og í Öngulsstaðahreppi. Árið 1978 var gerður sérstakur samningur milli veitunnar og Öngulsstaðahrepps um uppbyggingu hitaveitu í hluta hreppsins. Hrafnagilshreppur ákvað hins vegar að koma á fót eigin hitaveitu að Hrafnagili og næsta nágrenni og nýta til hennar svo nefnt frívatn sem hreppurinn fékk í samningum við Hitaveitu Akureyrar í tengslum nýtingu jarðhitasvæða í hreppnum en auk þess keypti hreppurinn vatn af jarðeigendum í hreppnum og síðan af Hitaveitu Akureyrar. Við

sameiningu sveitarfélaga á svæðinu í Eyjafjarðarsveit árið 1991 varð síðan til fyrirtækið Hita- og vatnsveita Eyjafjarðarsveitar. Umrætt fyrirtæki rak dreifikerfi hitaveitu á og við Hrafnagil og Reykhús, auk vatnsveitu að Hrafnagili og tvær minni vatnsveitur á og við Syðra Laugaland og við Saurbæ. Vinnslusvæði vatnsveitunnar að Hrafnagili er í svonefndum Grísarárbotnum sem eru í landi Kropps. Árið 2008 voru teknar upp viðræður um möguleg kaup Norðurorku hf. á Hita- og vatnsveitu Eyjafjarðarsveitar og lauk þeim með samningi sem kvað á um greiðslu kaupverðsins í peningum og með hlut í Norðurorku hf. Í umræddum samningi var meðal annars kveðið á um að gerð yrði hagkvæmniathugun á lagningu veitu frá Botni í Eyjafirði suður að Grund og Árbæ (I áfangi) en einnig kannað hvort hún gæti náð inn að Miklagarði (II áfangi) sem liggur nokkru sunnar en Árbær. Þessar athuganir leiddu til samninga við Eyjafjarðarsveit og fasteignaeigendur á svæðinu þar sem niðurstaðan var lagning hitaveitu frá Botni að Grund og Finnastöðum, sem liggur nokkru norðar en Árbær. Umrædd veita sem hlotið hefur heitið Vesturveita var tekin í notkun síðla árs 2010. Enn liggur ekki fyrir hvort farið verður í síðari



hluta veitunnar, en líkur á því hafa aukist nokkuð eftir að breytt var reglum um heimild til þess að nýta fé sem annars fer í niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar, til uppbyggingar á nýjum hitaveitum. Breytingin felur í sér að í stað þess að fjármunum sem samsvara átta ára niðurgreiðslum sé veitt til nýrra veitna er viðmiðið nú tólf ár. Íbúar í Hrafnagilshverfinu og að Kristnesi voru 287 árið 2008 en 315 árið 2012. Íbúar í Eyjafjarðarsveit voru 1.040 árið 2008 en 1.020 árið 2012 og fjöldi húsveitna sem nýtur hitaveitu eru 324 að tölu en heldur færri sem njóta þjónustu vatnsveitunar.

Hér að framan hafa verið raktar þær miklu breytingar sem orðið hafa á Norðurorku hf. með sameiningum við önnur veitufyrirtæki, með kaupum á þeim og/eða með stofnun nýrra veitusvæða. Hin stóra breytingin ef svo má segja liggur auðvitað í stækkun dreifikerfa vatnsveitu, rafveitu og hitaveitu á Akureyri.

Áður er minnst á þá breytingu sem varð á Norðurorku hf. þegar ákveðið var í kjölfar setningu nýrra raforkulaga að skilja á milli annars vegar dreifingar og hins vegar framleiðslu og sölu með því að fela dótturfélaginu Fallorku ehf. síðastnefndan hluta rekstrarins. Sérleyfisþátturinn, uppbygging, rekstur og viðhald dreifikerfisins á Akureyri varð þar með eina hlutverk rafveitu Norðurorku hf.



Með byggingu Glerárvirkjunar ásamt dreifikerfi um bæinn árið 1922 telst Rafveita Akureyrar stofnuð. Frá þeim tíma var raforkuöflun, flutningur og dreifikerfið á hendi Rafveitunnar. Segja má að áfangarnir í raforkuöfluninni hjá Rafveitunni og Akureyrarbæ hafi auk virkjunar Glerár verið tveir, þ.e. Laxárvirkjun I og II. Sérstakt félag var stofnað um þær virkjanir sem síðar runnu inn í Landsvirkjun og Akureyrarbær eignaðist þar með hlut í því félagi. Ýmsir erfiðleikar voru í rekstri Laxárvirkjunar sem iðulega leiddu til raforkuskömmtnar á vetrum á Akureyri. Þetta leiddi meðal annars til þess að Laxárvirkjun kom sér upp öflugri varaafstöð á Akureyri, sem síðar hlaut gælunafnið Toppstöðin, þar sem hún mætti toppum í orkupörf bæjarbúa og fyrirtækja. Eftir að Laxárvirkjun rann inn í Landsvirkjun fólst raforkuöflun Rafveitunnar í kaupum á raforku í heildsölu og endursölu hennar í smásölu til bæjarbúa á Akureyri. Á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun Rafveitunnar hefur dreifikerfi hennar eflst og stækkað í takt við stækkun bæjarins. Ætíð hefur verið lagt mikið upp úr rekstraröryggi veitunnar og ætíð miðað við að fæðileiðir rafmagns að einstökum hverfum séu tvær eða fleiri. Sérleyfissvæði veitunnar er bundið við Akureyri þótt í gegnum tíðina hafi komið upp ýmsar hugmyndir um stækkun þess, meðal annars með því að veitan taki yfir hluta af dreifiveitusvæðum í nágrenni bæjarins en einnig með því að veitan sameinaðist Rafmagnsveitum ríkisins, sem nokkuð var í umræðunni í kringum síðustu aldamót. Í dag eru aðveitustöðvar rafveitunar tvær og dreifistöðvar 107 að tölu víðsvegar um bæinn.

Eins og áður segir er vatnsveitan elsti hluti Norðurorku hf. stofnuð 1914 og hefur dreifikerfi hennar rétt eins og rafveitunnar stækkað samhliða stækkun bæjarins. Í upphafi voru vinnslusvæði vatnsveitunnar bundin við Hesjuvallalindir í Hlíðarfjalli en vatnspörf fór hratt vaxandi og fljótlega fór að gæta vatnsskorts við vissar aðstæður. Til að byrja með var málið leyst með aukinni vatnsmiðlun en þar kom að leita varð nýrra vinnslusvæða. Fyrir valinu varð vatnstaka í mynni Glerárdals í svonefndum Sellandslindum og lauk virkjun þeirra haustið 1958. Var í fyrstu talið að lindirnar myndu duga bæjarbúum og fyrirtækjum ágætlega næstu árin en vöxtur var mikill og ekki leið að löngu þar til leyta varð nýrra vatnstöku svæða. Til greina kom að nýta vatn úr Glerá með byggingu tilheyrandi hreinsistöðvar, en niðurstaðan eftir skoðun og útreikninga var að sækja vatnið að Vöglum í Hörgárdal og hófst vinnsla þar árið 1973. Þar eru í dag nýttar 11 borholur sem boraðar eru í áreyrarnar á mótum Krossár og Hörgár og er vatnið þaðan mjög gott, en ókostir þessa svæðis er að dæla þarf vatninu inn til Akureyrar með tilheyrandi dælingarkostnaði meðan vatnið úr Hlíðarfjalli og af Glerárdal er sjálfrennandi í bæinn. Einnig þarf að hafa í huga að þjóðvegur eitt liggur í gegnum verndarsvæði vatnsbólanna að Vöglum og er að því leyti til viðkvæmara fyrir mögulegum utanaðkomandi áhrifum. Af þessu leiðir að markvisst hefur verið unnið að því undanfarin ár að endurbæta vatnsbólin í Hlíðarfjalli og á Glerárdal og auka þar með afkastagetu þeirra. Einnig er unnið að því að kanna kosti þess að stækka vinnslusvæðin og sækja meira vatn hærra í landið og eru vísbendingar um að auka megi afkastagetu þessara svæða nokkuð með þessum hætti. Þjónustusvæði þessa hluta vatnsveitu Norðurorku er auk Akureyrar hluti af Hörgársveit og reyndar einnig einn bær í Eyjafjarðarsveit, Hvammur sem er rétt sunnan Kjarnaskógar.



Í dag eru íbúar á Akureyri rúmlega 18 þúsund (þar af 172 í Hrísey og 85 í Grímsey) en voru 2.000 stofnár Vatnsveitunnar árið 1914 og komnir í 2.685 stofnár Rafveitunnar árið 1922. Viðskiptamannahópurinn stækkaði þannig jafnt og þétt. Á hinn bóginn þarf að hafa í huga að auk bæjarbúa þá eru fyrirtæki í sveitarfélaginu einnig stórir notendur hjá veitum bæjarins. Þessi hluti viðskiptamannahópsins og þar með samsetning hans getur því haft mikil áhrif á hver afkastageta veitna bæjarins þarf að vera og hefur sú verið reyndin í gegnum árin. Hér koma við sögu stór iðnfyrirtæki bæði tengd landbúnaði og fiskvinnslu og eins og kunnugt er þá hafa oft orðið miklar og tiltölulega snöggar breytingar í fjölda og stærð þessara fyrirtækja í gegnum árin. Sem dæmi má nefna að í dag er stærsti einstaki viðskiptavinur vatnsveitu Norðurorku hf. álþynnuverksmiðja Bercomal í Krossanesi meðan fisk- og rækjuvinnslur voru meðal stærstu viðskiptavina fyrir tiltölulega fáum árum.

Þrýstisvæði vatnsveitunnar á Akureyri eru tvö og á undanförunum árum hafa ný stór hverfi byggst upp sem tilheyra efra þrýstisvæðinu. Af þessum ástæðum og með hliðsjón af því að Naustasvæðið mun halda áfram að byggjast upp var á árinu 2011 ákveðið að inn í fjárfestingaráætlun þessa árs (2012) kæmi undirbúningur og hönnun á nýjum miðlungageymi fyrir efra þrýstisvæðið og ný lög að þeim geymi frá Hesjuvallalindum.

Áður er vikið að forsögu hitaveitu á Akureyri en segja má að sérstaða hennar af veitum Norðurorku sé hversu stór hluti af bænum eins og við þekkjum hann í dag var fullbyggður þegar hún kemur til sögunnar árið 1977, en það ár búa tæplega þrettánþúsund íbúar á Akureyri. Sérstaðan var því sú að leggja þurfti dreifikerfið í hverfi sem þá voru fullbúin að öðru leyti. Hafa þarf í huga að uppbyggingin varð ekki í einu veffangi heldur liðu allnokkur ár áður en dreifikerfi var komið í bæinn allann. Í þessu samhengi þarf einnig að hafa í huga að samhliða því sem íbúðarhús og fyrirtæki tóku inn hitaveitu þá missti rafveitan spón úr sínum aski þar sem mjög mörg hús í bænum bjuggu þá við rafhitun. Fyrsta vinnsluvæði hitaveitunnar var að Laugalandi í Eyjafjarðarsveit (1977) en fljótlega bættust við Ytri-Tjarnir, árið 1979 og Botn og Hrafnagil, árið 1981, einnig í Eyjafjarðarsveit. Árið 1982 er jarðhiti virkjaður í mynni Glerárdals og rúmum áratug síðar eða árið 1994 er síðan virkjað að Laugalandi á þelamörk. Á ýmsu gekk í vatnsleitinni bæði á upphafsárunum og lengi síðar og á tímabilum var vatnsbúskapur hitaveitunnar tæpur ekki síst á köldum vetrum. Árið 1981 var byggð kynndistöð við hliðina á dælustöðinni við Þórunnarstræti og hluti af dreifikerfinu útbúið þannig að hægt var að nýta bakrásarvatn aftur inn í kerfið með upphitun þess. Síðar eða árið 1984 var síðan komið fyrir varmadælum í húsnæðinu við Þórunnarstræti og þær endurnýjaðar árið 1998. Einn liður í



**DAGUR**  
21. árgangur Akureyri, föstudagur 21. júlí 1989 137. tölublað

Rafveita Akureyrar:  
**Samdráttur í raforkusölu fyrstu sex mánuði ársins**

Raforkusala Rafveitu Akureyrar til húshitunnar hefur mjúkað talsvert fyrstu sex mánuði þessa árs, miðað við sama tíma í fyrra. Orkusala samkvæmt dagbitunartata hefur dregist saman um 13,4% og næstlítið um 41%. Að sögu Svanbjörns Sigurðssonar, rafveitustjóra, hefur tekjaveitunnar vegna þessa ekki verið reiknað endanlega út vegna samdráttarins, þar sem um bráðalögðun er að ræða, en ljóst er að rafveitan verður að mæta tapinu með einhverju móti.

Ekki er hægt að draga ábra áðúttun en þá að hluti þessa samdráttar sé varanlegur, þar sem rafveitan er smátt saman að missa húshitunarköðun yfir til hitaveitunnar. Rafveitustjóri var mjúttur eftir því hvaða viðbrögð kenna til greina frá hendi veitunnar til að mæta tekjutapinu. Sagði hann þá að 75% af nettótekjum fara til að greiða orku frá Landsvirkjun, en afgangurinn í rekstur, viðhald og yfirframvæðir. „Núbrúkaðar á kostnaði kemur ekki til greina, því við erum búin að vera í slöngu lágmarki hvað það snertir

mörg undantærin úr. Við erum með einna lægsta hlutfellið allra rafveitna landsins hvað þetta snertir. Það sem liggur beinast við að gera er að reyna að aka orkusölu með því að finna nýja markaði og notendur, og eða hækka raforkuvörð.“

Svanbjörn sagði það vissulega hafa verið ávarlegt vandamál fyrir rafveituna að missa fjölda viðskiptavina af hitamarkaðnum, og slíkt hefur óhjákvæmlega haft í för með sér einhverj ahrif á fyrirtækið. Samkvæmt langtímaáætlun væri stefnt að því að breyta spennu á háspennureiti, í eldri hluta bæjarinn úr 6 kV í 11 kV. Breytingin á háspennureitinu miðaðist við aukningu á flutningsgetu, og ef slagið minnkaði vegna minni orkusölu til húsitunnar, gæti slíkt haft einhverj áhrif þar á.

Þegar rafmagn var lagt í „Hliðarveiti“ á Akureyri ríkti mikil óvissa um hvort farið yrði í hitaveituframvæðir eða ekki, og lét R.A. leggja strengi heim að öllum húsum miðað við fulla rafhitun. En hitaveitan kom og fjárfestingin liggur meira og minna ónotuð í jörðu, hvað þetta snertir. EHR

Frá hitaveituframvæðum í Gerðarveiti 2. Rafveita Akureyrar hefur mikið dæjningu spón úr aski sínum yfir til hitaveitunnar. Mívald 32.

Því að treysta rekstraröryggi veitunar á þessum tíma fólst einnig í því að skipta úr hemlum yfir í rennismæla til að auka líkurnar á skynsamlegri notkun hjá viðskiptavinunum.

Árið 2003 urðu mikil umskipti í rekstri hitaveitu Norðurorku þegar mikið vatn kom upp við borun á nýju vinnslusvæði á Arnarnesi í Arnarneshreppi. Forsaga málsins var sú að sveitarstjórn Arnarneshrepps hafði um nokkurt skeið unnið að jarðhitaleit á nesinu með tilheyrandi rannsóknum og borun rannsóknarhola og var kostnaður sveitarfélagsins orðinn allnokkur af þessum framkvæmdum. Í ljósi þess að svæðið lofaði góðu og þess að frekari vinnsla á svæðinu myndi verða kostnaðarsöm var það niðurstaða í samningum Arnarneshrepps og Norðurorku hf. að félagið keypti verkið eins og það þá stóð af hreppnum, sem jafnframt yrði hluthafi í Norðurorku hf. Frá samningi þar að lútandi var gengið árið 2003 og tók hann gildi í lok þess árs. Samhliða virkjun jarðhitans og lagningar aðveituæðar til Akureyrar var lagt dreifikerfi á Hjalteyri og að mjög mörgum sveitabæjum í Arnarneshreppi.



Fljótlega kom í ljós að jarðhitasvæðið á Arnarnesi er mjög gjöfult og þar eru nú tvær holur sem gefa að meðaltali 109 lítra á sekúndu og er það um 60% af heildarmagni þess vatns sem verið er að vinna úr jarðhitasvæðum Norðurorku hf. að Reykjum í Fnjóskadal undanskildum. Ljóst er að nýja vinnslusvæðið á Hjalteyri hefur haft mikil og góð áhrif á vatnsbúskap hitaveitunnar og þar með jákvæð áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

### Eigendur félagsins, stjórn og skipulag

Eins og rakið hefur verið hér að framan þá hefur hluthöfum í Norðurorku fjölgað frá því Akureyrarbær stofnaði félagið og í dag eru þeir sex að tölu. Akureyrarbær er stærsti hluthafinn með rúmlega 98% hlutfjárnsins en aðrir hluthafar eru Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Svalbarðsstrandahreppur og Þingeyjarsveit.

Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi félagsins ár hvert en hana skipa (október 2012), Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður, Halla Björk Reynisdóttir varaformaður, Edward Hákon Huijbens ritari, Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir og Njáll Trausti Friðbertsson.

Varastjórn skipa Haraldur Helgason, Helgi Snæbjarnarson, Inda Björk Gunnarsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir og Sigurður Hermannsson.




Stjórn félagsins heldur að jafnaði stjórnarfundum mánaðarlega og eftir atvikum vinnufundi um einstök mál svo sem stefnumótun fyrirtækisins og framtíðarsýn á hverjum tíma. Í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga hefur stjórn félagsins sett sér starfskjarastefnu og var hún samþykkt á



aðalfundi félagsins þann 18. mars 2011. Í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga og samþykkt félagsins fer félagsstjórnin með málefni félagsins milli aðalfunda. Félagstjórnin ræður framkvæmdastjóra félagsins sem annast daglegan rekstur þess í samræmi við stefnu og fyrirmæli stjórnarinnar á hverjum tíma.

Félaginu er skipt í tvö megin rekstrarsvið, þjónustu- og fjármálasvið og framkvæmdasvið auk stoðsviðs sem nefnist þróun. Undir þjónustu- og fjármálasvið fellur m.a.; þjónustuver, birgðahald, bókhald og umsjón fasteigna, sviðsstjóri er Sigurður J. Sigurðsson. Undir framkvæmdasvið falla m.a.; framkvæmdir, kerfisstjórn, raforkudreifing, mælaumsjón og teiknistofa, sviðsstjóri er Stefán H. Steindórsson. Undir þróun falla m.a.; mannauðsmál, gæðamál, umhverfismál og kynningarmál, forstöðumaður er Baldur Dýrfjörð. Framangreindir yfirmenn ásamt forstjóra Helga Jóhannessyni skipa framkvæmdaráð félagsins.

Þó svo að Norðurorka sé hlutafélag ber að hafa í huga að það hefur þá sérstöðu að allur meginrekstur þess fellur undir sérleyfisstarfsemi og er háð sérlögum þar að lútandi. Þetta þýðir með öðrum orðum að allar megingtekjur félagsins og þar með verðskrá þess er háð eftirliti og eftir atvikum samþykki opinberra aðila. Drjúgur hluti starfseminnar felur því í sér samskipti við umrædda aðila um reksturinn, verðskrárákvarðanir o.s.frv.



## Rekstur félagsins

Segja má að hefðbundinn veiturekstur einkennist af rannsóknum, vinnslu, dreifingu og sölu. Með rannsóknum er vísað til þess að afla þarf nauðsynlegra upplýsinga um þær auðlindir sem eru forsendur þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir samanber það sem rakið er í sögu veitnanna hér að framan um leit að heppilegum vinnslusvæðum fyrir neysluvatn, rafmagnsframleiðslu og jarðvarma nýtingu. Finnist heppileg vinnslusvæði þarf eftir atvikum að leita samninga við hlutaðeigandi landeigendur um heimild til nýtingar eða eftir atvikum um kaup á tilteknum landsvæðum eða réttindum. Eftir að ákvörðun um vinnslusvæði liggur fyrir og lokið er gerð nauðsynlegra samninga þarf að undirbúa vinnsluna og fara í nauðsynlegar framkvæmdir þar að lútandi, beislun fallvatna með stíflugerð, borun eftir heituvatni, söfnun lindarvatns í safnþrær og brunna svo dæmi séu tekin. Í framhaldi af þessu þarf síðan að byggja nauðsynleg mannvirki til þess að koma vörunni til viðskiptavina, aðveitulagnir, stofnlagnir, aðveitustöðvar, dælustöðvar og svo framvegis, ásamt nauðsynlegum dreifikerfum og heimlögnum og síðan að sjá um rekstur og viðhald þessara kerfa.

Það sem einkennir rekstur veitna Norðurorka hf. er ekki síst sú sérstaða að viðskiptavinurinn er að nýta þjónustu fyrirtækisins stöðugt allan sólarhringinn alla daga ársins. Öflug og traust kerfi eru því forsenda þess að hægt sé að halda þjónustustiginu háu og að sem sjaldnast komi til þjónusturofs vegna viðhalds og bilana. Því er mikilvægt að fyrirtækið búi yfir öflugum hópi starfsmanna sem sinna jafnt nýframkvæmdum og viðhaldi kerfa og að þeir hafi yfir að ráða nauðsynlegum tæknibúnaði til

Þess sinna að sínum störfum af nákvæmni og öryggi. Þessi hefur verið raunin hjá Norðurorku hf. eins og nánar er vikið að í kaflanum mannaúð o.fl. hér á eftir.

Til þess að tryggja gæði vöru og þjónustu hefur Norðurorka hf. komið sér upp gæðakerfi sem hlotið hefur vottun samkvæmt ÍST ISO staðli númer 9001. Þáttur í vottuðu gæðakerfi Norðurorku er gæðaeftirlit í vatnsveitu, GÁMES (HACCP) og öryggisstjórnunarkerfi rafveitu. Þá varð Norðurorka hf. einnig fyrst veitufyrirtækja á Íslandi til þess að koma upp innra eftirlitskerfi sölumæla fyrir allar veitur fyrirtækisins sem einnig er hluti af vottuðu gæðakerfi þess. Þannig nær gæðakerfið til allrar starfsemi Norðurorku hf. og auðveldar og bætir ákvarðanatöku, tryggir vörugæði og leiðir til skilvirkari og betri þjónustu við viðskiptavinina. Ríkur þáttur í gæðakerfinu er skipulagt ferli umbóta með skráningu frávíka og athugasemda sem eru rýnd og úrbætur skilgreindar í formi umbótaverkefna.



Til þess að tryggja rekstraröryggi fyrirtækisins er mjög mikið lagt upp úr fyrirbyggjandi viðhaldi á öllum kerfum þess. Til þess að halda utanum þetta verkefni er notað sérstakt viðhaldsstjórnunarkerfi (DMM) þar sem haldin er skrá yfir allan meginbúnað kerfanna og skilgreint með hvaða hætti eftirliti og tíðni þess skuli háttað og þar með skráningu á eftirliti, nauðsynlegum aðgerðum og lúkningu þeirra með skilgreindu viðhaldi og/eða útskiptingu íhluta, búnaðar o.s.frv.



Rekstur dreifikerfa Norðurorku hf. gengur mjög vel og lítið hefur komið upp af alvarlegum bilunum eða stórum viðhaldsverkefnum og því lítið verið um alvarlegar rekstrartruflanir hjá viðskiptavinum fyrirtækisins af þeim sökum. Hvað rafmagnið snertir þarf auðvitað að hafa í huga að þar sér Norðurorka hf. eingöngu um dreifingu þess á Akureyri meðan framleiðsla og sala er í höndum annarra fyrirtækja og flutningur þess til Akureyrar aðallega í höndum flutningsfyrirtækisins Landsnets. Almennu eru rekstrartruflanir í flutningskerfi Landsnets mjög litlar hér á Akureyri. Engu að síður er mikilvægt að önnur dreifikerfi fyrirtækisins einkum þó hitaveitan eigi kost á varaafli til þess að tryggja nauðsynlega dælingu komi til alvarlegra rekstrartruflana í raforkuflutningi eða framleiðslu. Hefur það verið gert með því að koma upp varaafstöð á vinnslusvæði hitaveitunnar að Laugalandi og Reykjum í Fnjóskadal, auk þess á félagið tvær færanlegar varaafstöðvar sem hægt er að nota við dælustöðina við Þórunnarstræti og á vinnslusvæðinu að Hjalteyri en þessa dagana er jafnframt í skoðun að koma upp fastri varaafstöð þar sem og í Ólafsfirði.

Við skipulag á rekstrinum er mikilvægt að vel sé staðið að skráningu upplýsinga um dreifikerfin, staðsetningu lagna, aldur þeirra, hvernig efni hefur verið notað o.s.frv. Mikið verk hefur verið unnið í stafrænni skráningu hér að lútandi þó enn sé þar nokkuð verk óunnið. Góð skráning auðveldar mat á viðhaldspörf og skipulag á mögulegri útskiptipörf lagna á tilteknum svæðum. Í þessu sambandi má til dæmis nefna að nokkuð stór hluti upphaflegs dreifikerfis hitaveitu er kominn fram yfir viðmiðunar afskriftartíma. Fyrir liggur að fjárfestingarpörf vegna endurnýjunar og viðhalds mun aukast á næstu árum og mikilvægt að fyrirtækið sé vel í stakk búið til að takast á við það verkefni.


## Efnahagur, fjárhagur og rekstrarafkoma

Eins og áður er vikið að einkennist hefðbundinn veiturstur af rannsóknum, vinnslu, dreifingu og sölu. Undirbúningur að nýtingu náttúruauðlinda getur verið bæði kostnaðar- og áhættusamur auk þess sem uppbygging aðveitulagna, stofnlagna og dreifikerfis er sömuleiðis kostnaðarsamur. Eðli málsins samkvæmt hefur því iðulega þurft að taka lán til þess að fjármagna slíka nýtingu og uppbyggingu og hafa allar veiturar sem eru forverar Norðurorku gengið í gegnum tímabil mikilla og kostnaðarsamra fjárfestinga. Af þessum sökum hefur lántaka Norðurorku hf. og forvera hennar oft verið mikil og kostnaður við hana verið drjúgur hlutur af efnahag fyrirtækisins. Framangreind áhætta og kostnaður kemur auðvitað fram í verðskrá fyrirtækisins á hverjum tíma og dæmi um þetta er sú staðreynd að verð heitavatsins á Akureyri var lengi meðal þess hæsta á landinu enda gekk á ýmsu í jarðhitaleitinni í upphafi og uppbyggingin á dreifikerfinu fór fram í stórum stökum. En með skilvirkum rekstri sem meðal annars hefur náðst með sameiningu veitna Akureyringa sem og annarra sveitarfélaga í nágrenninu hefur náðst mikill og góður árangur í rekstrinum sem aftur hefur leitt til þess að unnt hefur verið að lækka verð til neytenda í verulegum mæli.

Kostnaður viðskiptavina vegna raforkudreifingar er með því lægsta á landinu og verðbreytingar hafa verið verulega innan breytinga á vísitölu.


Verð á heitu vatni hefur lækkað bæði í krónum talið og þar með auðvitað líka að teknu tilliti til verðlags og hefur sá árangur nú náðst að verð á rúmmetra er orðið lægra en hjá íbúum á höfuðborgarsvæðinu sem einhvern tímann hefði þótt tíðindum sæta (sjá línurit úr ársskýrslu 2011).

Þróun á verði rúmmetra heita vatnsins




Verð á rúmmetra kr. 50 árið 1985  
Bláa línan er verð samkvæmt verðskrá Norðurorku frá árinu 1985 til 2012 en í dag kostar hver rúmmetri 98 kr. Rauða línan sýnir verð rúmmetrans ef það hefði fylgt vísitölu neysluverðs frá árinu 1985 en það ár kostaði hver rúmmetri 50 kr. en væri 336 kr. í dag.

## ÞÓRÚN REKSTARKOSTNAÐAR VEITURKERFA SAMANBORIÐ VIÐ VÍSTÖLU NEYSLUVERÐS OG BYGGINGAVÍSTÖLU 2005 - 2010



Fyrir liggur að framlegð fyrirtækisins hf. hefur aukist umtalsvert frá stofnun hennar enda hefur rekstrarkostnaður ekki aukist þrátt fyrir mikla stækkun veitukerfa og verulega fjölgun viðskiptavina. Því er ljóst að sameining veitna Akureyrar og sameining annarra veitna á svæðinu við Norðurorku hf. hefur aukið skilvirkni verulega og þar með nýtingu búnaðar og mannafla. (sjá súlurit úr ársskýrslu 2010).

Norðurorka hf. gefur árlega út og birtir ársreikninga sína á heimasíðu sinni auk lögbundinna skila til fyrirtækjaskrár. Rekstur félagsins er stöðugur og staða félagsins mjög sterk. Eigiðfjárlutfall er hátt og vel hefur gengið að greiða niður skuldir félagsins þrátt fyrir efnahagsáfallið.



Helstu stærðir í ársreikningi fyrir árið 2011 eru eftirtaldar:

Rekstrartekjur samstæðunnar voru kr. 2.432.029.- þúsund, rekstrargjöld kr. 1.636.832.- þúsund þ.m.t. afskriftir. Hagnaður fyrir fjármagnsliði er því kr. 798.041.- þúsund. Fjármagnsgjöld voru kr. 259.206.- þúsund. Hagnaður fyrir skatta að teknu tilliti til áhrifa hlutdeildarfélaganna er kr. 570.193.- þúsund. Tekjuskattur er kr. 97.059.- þúsund og hagnaður ársins kr. 473.134.- þúsund.

Eignir eru samtals kr. 9.367.261.- þúsund og heildarskuldir kr. 4.173.959.- þúsund. Eigið fé í árslok er því kr. 5.193.302.- þúsund og eigiðfjárlutfall því 56%.

Samkvæmt sjóðstreymi er handbært fé frá rekstri kr. 1.115.069.- þúsund.

Fjárfestingar ársins voru mestar í hitaveitukerfinu, en alls var fjárfest fyrir kr. 216.002.- þúsund. Fjármögnunarhreyfingar voru kr. 597.724.- þúsund, þar af útgreiddur arður til hluthafa kr. 126.999.- þúsund og handbært fé í árslok var kr. 648.660.- þúsund.

#### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMSTÆÐUNNAR Í ÁRSLOK

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Hlutfé	842.586	842.586	842.586	845.662	845.662	846.662	846.662	846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutfjár	247.301	247.301	247.301	264.225	264.225	268.225	268.225	268.225	268.225
Endurmatsreikningur							2.126.189	2.000.840	1.909.936
Þýðingamunur vegna hlutd.fél.							11.026	3.330	5.381
Óráðstafað eigið fé	66.060	283.452	53.400	1.112.995	1.483.595	-945.493	353.283	1.710.786	2.163.098
Samtals eigið fé	<b>1.155.947</b>	<b>1.373.339</b>	<b>1.143.287</b>	<b>2.222.882</b>	<b>2.593.482</b>	<b>169.394</b>	<b>3.605.385</b>	<b>4.829.843</b>	<b>5.193.302</b>
Langtímaskuldir (í þús.)	2.930.469	2.685.228	2.278.250	3.412.211	3.409.695	5.785.148	5.737.003	4.123.208	3.891.999

Í eðli starfsemi Norðurorku hf. liggur að fjárhagurinn þarf að vera sterkur enda forsenda þess að félagið sé í stakk búið til þess að viðhalda, endurnýja og byggja upp nauðsynleg aðveitu- og dreifikerfi og tryggja skilvirka orku- og vatnsöflun. Akureyrarbær byggðist hratt upp á árunum 2004 til 2008 og því fylgdi auðvitað hröð uppbygging dreifikerfa Norðurorku hf. Þetta leiddi meðal annars til þess að ýmiss viðhalds- og endunýjunarverkefni lentu aftar í forgangsröðinni og biðu betri tíma. Í kjölfar efnahagsáfallsins í lok árs 2008 var tekin ákvörðun um mjög ákveðið aðhald á öllum sviðum rekstursins sem hafði fljótt jákvæð áhrif á efnahag félagsins. Með framanritað í huga er ljóst að viðhalds- og fjárfestingarverkefnum mun fjölga á næstunni, veitukerfin eldast, ýmislegt var látið bíða og síðan verður að sjálfsgöðu að gera ráð fyrir að uppbyggingin haldi áfram óháð því hversu mikil og hröð hún kann að verða.

## Mannauðsmál, endurmenntun o.fl.

Starfsmenn Norðurorku er 54 að tölu, 41 karl og 13 konur. Starfsmannavelta hefur verið mjög lítil í gegnum árin og tryggð starfsmanna því mikil við vinnustaðinn. Starfsaldur er því hár og meðallífdur sömuleiðis. Mikil og góð reynsla og þekking hefur því byggst upp hjá starfsmannahópnum og sérþekking á lausn þeirra verkefna sem reksturinn kallar á. Auk mikillar sérþekkingar á kerfum og búnaði veitna félagsins og annarri starfsemi er ágæt breidd í menntun starfsfólks; rafvirkjar, rafiðnfræðingar, pípulagningarmenn, vélstjórar, járníðnaðarmenn, tækni-fræðingar, verkfræðingar, orku- og umhverfisfræðingur, lögfræðingur, tækniteiknari, bifreiðastjórar með vinnuvélaréttindi og meirapróf, auk fjölda starfsmanna sem með reynslu og sérhæfðum námskeiðum eru sérfræðingar hver á sínu sviði.


Norðurorka hf. rekur í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar Norðurorkuskólann þar sem jafnt er boðið upp á sérhæfð námskeið fyrir starfsmannahópinn sem og tryggt aðgengi að almennum námskeiðum á vegum SÍMEY, bæði starfstengdum en einnig svonefndum tómsundanámskeiðum. Þá stendur starfsmönnum til boða árlegur styrkur frá fyrirtækinu til þess að sækja námskeið auk styrkja í gegnum starfsmennta- og fræðslusjóði stéttarfélaganna sem greitt er í fyrir starfsmenn í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Norðurorka hf. hefur í samráði við starfsmenn samið starfsmannahandbók þar sem fram kemur starfsmannastefna og jafnréttisstefna félagsins auk annarra atriða sem miklu skipta fyrir starfsfólk. Þar má finna kynningu á félaginu, gæðamálum, öryggismálum, starfsþróun, réttindum og skyldum, fræðslumálum, reglum um starfsmannafatnað, starfsmannafélagið o.fl.

## Stefnumörkun og framtíðarsýn

Samkvæmt stefnumörkun félagsins er tilgangur Norðurorku hf. rekstur rafveitu og dreifing á raforku, vinnsla, dreifing og sala á heitu vatni og neysluvatni. Þá stundar félagið nauðsynlegar rannsóknir og leit að nýtanlegum jarðvarma og neysluvatni til að mæta þörfum viðskiptavina á hverjum tíma. Norðurorku hf. er heimilt að taka þátt í hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins sem og þróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt stefnumörkun og ákvörðun stjórnar hverju sinni. Þá er félaginu heimilt að eiga og reka eða taka að sér rekstur fráveitu samkvæmt samkomulagi við sveitarfélög þar að lútandi. Loks er Norðurorku hf. heimilt að eiga og reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum.

Einn af mikilvægustu þáttum í starfsemi félagsins er áætlanagerð og undirbúningur að þjónustu við viðskiptavinum fyrirtækisins til framtíðar lítið, en í þessum efnum þarf að horfa áratugi fram í tímann. Stór þáttur í því er að tryggja framtíðar vinnslusvæði fyrir heitt og kalt vatn með rannsóknum á mögulegum svæðum. Þarf þá jafnframt að gera samninga um rannsóknirnar við viðkomandi landeigendur og eftir atvikum gerð samninga um vinnslu-



heimildir eða kaupum á viðkomandi landsvæði og/eða réttindum. Rannsóknarþættinum hefur Norðurorka hf. útvistað með samningum við Íslenskar orkurannsóknir sem einnig hefur séð um svonefnt vinnslueftirlit á þeim jarðhitasvæðum sem Norðurorka hf. nýtir.

Með sama hætti þarf félagið reglulega að vinna að endurmati og eftir atvikum endurhönnun á kerfum sínum að teknu tilliti til breytinga og stækkunar á þeim byggðarlögum sem félagið þjónar. Inn í slíkt mat koma einnig beinar viðbætur og stækkun á dreifikerfum þar sem ný svæði eru tekin undir þegar aðstæður eða ný vinnslusvæði bjóða upp á slíkt.

Í lok síðasta árs hófst undirbúningur að endurskoðun á stefnu fyrirtækisins og framtíðarsýn en áður eða vorið 2011 hafði verið lokið við endurskoðun á skipulagi fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að endurskoðun á stefnu og framtíðarsýn ljúki fyrir næstkomandi áramót.

Nýlega var gengið frá samningi við Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, um frekari jarðhita rannsóknir á svæðinu sunnan núverandi vinnslusvæða í Eyjafjarðarsveit en með frekari vinnslu á því svæði mætti auka nýtingu á þeim innviðum sem fyrir eru á svæðinu og bæta reksturinn þar til muna.

Á þessu ári hefur verið gengið frá tveim samningum um kaup á jarðhita- og vatnsréttindum og er það í samræmi við stefnu félagsins um að eignast slík réttindi náist skynsamlegir samningar um kaup þeirra.

## **Þátttaka í öðrum félögum og verkefnum**

Auk dótturfyrirtækisins Fallorku ehf. sem áður er vikið að og eignarhluta í hlutdeildarfélagunum Tengir hf. og NORAK ehf. á Norðurorka hlut í nokkrum félögum s.s. Hrafnabjargavirkjun hf., Íslenskri orku ehf. og Orkey ehf.

Netorka hf. er félag sem er í eigu raforkufyrirtækjanna og gegnir því hlutverki að vera sameiginlegt mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki fyrir íslenskan raforkumarkað, einskonar reiknistofa raforkufyrirtækjanna.

Tengir hf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í lagningu ljósleiðara á Akureyri og nágrannabyggðarlögum og leigir afnot af honum til fjarskiptafyrirtækja og íbúa og fyrirtækja á þjónustusvæðinu. Mjög góð samvinna er milli Norðurorku hf. og Tengis um samnýtingu skurða og lagnaleiða þegar því verður við komið. Auk þess leigir Tengir aðstöðu fyrir ýmsan búnað og tengingar í spennistöðvum Norðurorku hf. víðsvegar um bæinn. Eignarhlutur Norðurorku hf. í Tengi hf. er 38,41%.

NORAK ehf. er fyrirtæki sem á og rekur spennistöð við aflþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi og er með sérstakan samning við fyrirtækið um nauðsynlega spennulækkun á rafmagni sem Landsnet sér um að flyta til fyrirtækisins en rafmagnið er keypt af Landsvirkjun. Eignarhlutur Norðurorku hf. í NORAK ehf. er 1/3 hlutafjárins.

Hrafnabjargavirkjun ehf. er félag sem stofnað var til þess að kanna mögulega virkjunarkosti í efri hluta Skjálfandafljóts með mögulega virkjun í huga. Eignarhlutur Norðurorku hf. í félaginu er 18,75%.

Íslensk orka ehf. er fyrirtæki sem unnið hefur að rannsóknum á mögulegum virkjunarkostum á jarðhitasvæði í Öxarfirði og hefur þegar verið boruð ein djúp rannsóknarhola í því skyni. Eignarhlutur Norðurorku hf. í félaginu er 29,2%

Orkey ehf. er fyrirtæki sem unnið hefur að þróun og smíði á búnaði til þess að vinna lífdísel úr úrgangsfeiti frá ýmsum fyrirtækjum í matvælaíðnaði og framleiðslu. Eignarhlutur Norðurorku hf. í félaginu er 11,22%.

Nýlega samþykkti stjórn Norðurorku hf. að taka með hlutafjárframlagi þátt í stofnun hlutafélags á Akureyri, GPO ehf. sem hefur það markmið að vinna olíu úr úrgangsplasti en félag þetta er í burðarliðnum.

Tvö ár eru síðan Norðurorka hf. seldi tæplega þriðjung hlut sinn í Þeistareykjum ehf. en það fyrirtæki hefur unnið að rannsóknum á háhitasvæðinu á Þeistareykjum með virkjun þess í huga. Verulegur ábati var af sölu hlutanna í félaginu en þó verður að hafa í huga að tiltekinn hluti söluverðsins er háður því að orkuframleiðsla verði komin á innan tiltekins tíma. Hluti kaupverðsins var greiddur með skuldabréfi í erlendri mynt og er fjárhæð þess tæplega helmingur þeirra erlendu skulda sem Norðurorka hf. skuldar eða um 671 milljónir króna (miðað við gengi í dag) á móti um 1.500 milljón króna erlendum lánum. Þetta þýðir í raun að ákveðnar gengisvarnir eru innbyggðar í efnahag félagsins sem er mjög jákvætt þó ekki sé um sömu myntir að ræða.

Nokkuð er síðan Norðurorka hf. hóf undirbúning mögulegrar metangasvinnslu úr gamla urðunarstaðnum á Glerárdal. Hefur sú vinna verið mikið lærdómsferli og ýmis verkefni sem þurft hefur að leysa úr. Áfram er stefnt að því að koma verkinu til enda og þess vænst að upp úr miðju ári 2013 verði unnt að hefja vinnslu á allt að 600.000 Nm<sup>3</sup> á metangasi úr haugunum. Áætlaður kostnaður við þessa framkvæmd eru 300 milljónir króna.

## Lokaorð

Ljóst er að staða Norðurorku hf er mjög sterk en hafa þarf í huga að hennar bíða mörg og stór verkefni til framtíðar litið. Í því sambandi þarf líka að hafa í huga að þær auðlindir sem fyrirtækið nýtir eru takmarkaðar og ekki víst að þar sé allt sem sýnist miðað við núverandi stöðu. Því er mikilvægt að gengið sé hægt um gleðinnar dyr og umgengni um auðlindirnar í nútíð og í framtíð sé ætíð byggð á varnfærni og virðingu.

### Myndir - Myndir úr safni Minjasafnsins (MS), Baldur Dýrfjörð (BD), Finnbogi Marinósson (FM) og Hörður Geirsson (HG);

- bls. 1 – Höfuðstöðvar Norðurorku Rangárvöllum (HG)
- bls. 2 – Unnið að vatnsveituframkvæmdum – gamla Innbæjarveitan (MS)
- bls. 2 – Glerárvirkjun 1922 (MS)
- bls. 2 – Borun á Laugalandi 1947 (MS)
- bls. 3 – Vatnsveituframkvæmdir Svalbarðsströnd – samtenging veitusvæða (BD)
- bls. 4 – Borholu og dæluhús – Reykjaveita Fnjóskadal (BD)
- bls. 5 – Úr Eyjafjarðarsveit (BD)
- bls. 5 – Glerárstöð endurbyggð (HG)
- bls. 6 – Framkvæmdir við endurnýjun Hesjuvallalinda (BD)
- bls. 7 – Úr Degi 1989 (timarit.is) →
- bls. 8 – Dælustöð Hjalteyri (BD)
- bls. 8 – Stjórn Norðurorku (FM)
- bls. 13 – Súlur og Eyjafjörður séð frá Kerlingu (BD)

